

## Lykilupplýsingar

Skjal þetta veitir þér lykilupplýsingar um þennan sjóð. Það er ekki markaðsefni. Samkvæmt lögum skulu upplýsingarnar hjálpa þér við að skilja eðli og áhættu þess að fjárfesta í þessum sjóði. Þér er ráðlagt að lesa þær svo að þú getir tekið upplýsta ákvörðun um hvort þú ræðst í fjárfestingu.

## Markmið og fjárfestingarstefna

### Markmið

Markmið sjóðsins er að ná betri ávöxtun til lengri tíma en viðmiðunarvísitala hans, MSCI Nordic.

### Fjárfestingarstefna

Sjóðurinn fjárfestir aðallega í hlutabréfum fyrirtækja skráðum í kauphöllum á Norðurlöndum. Sjóðurinn hefur einnig heimild til fjárfestinga í erlendum kauphallarsjóðum (ETF) og afleiðum.

Hlutdeildarskírteini sjóðsins skulu innleyst að kröfu eigenda þeirra í samræmi við reglur hans. Innlausnargengi er reiknað daglega. Athygli er vakin á því að við sérstakar aðstæður kann innlausn að verða frestað.

Sjóðurinn er uppsöfnunarsjóður. Arði og öðrum hagnaði af verðbréfaeign sjóðsins er endurfjárfest.

**Ráðlegging:** Sjóður þessi gæti verið óhentugur fyrir fjárfesta sem hyggjast taka fé sitt út innan 5 ára.

## Áhætta og ávöxtun



|   |   |   |   |   |   |   |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 | 7 |
|---|---|---|---|---|---|---|

### Áhættumælikvarðinn og helstu takmarkanir

- Sjóðurinn fellur í flokk 6 þar sem gengi hluta hans hefur verið háð miklum breytingum. Í samræmi við það getur tapsáhætta og möguleikar til ávöxtunar verið mikil.
- Áhættuflokkunin byggir á sögulegum gögnum og þarf ekki að endurspeglja framtíðaráhættusnið sjóðsins
- Ekki er hægt að ábyrgjast að gildandi flokkun haldist óbreytt og kann flokkunin að breytast með tímanum.
- Lægsti flokkur áhættu þýðir ekki áhættulausa fjárfestingu.
- Endurgreiðsla höfuðstóls er ekki tryggð.

**Áhættuþættir sem skipta máli fyrir sjóðinn en áhættumælikvarðinn nær ekki yfir.**

Fjárfestingar í hlutabréfum smærri og meðalstórra fyrirtækja hafa að jafnaði meiri seljanleikaáhættu en fjárfestingar í hlutabréfum stórra fyrirtækja. Þetta felur í sér aukna áhættu með þeim hætti að möguleikar á kaupum eða sölu á hlutabréfum smærri og meðalstórra fyrirtækja gæti tímabundið verið takmarkaðir.

Fjárfestingar sjóðsins í kauphallarsjóðum bera markaðsáhættu undirliggjandi sjóðs. Einnig geta þær falið í sér aukinn rekstrarkostnað vegna kostnaðar undirliggjandi sjóðs, auk seljanleikaáhættu þar sem undirliggjandi sjóður gæti hugsanlega frestað innlausnum

### Frekari upplýsingar um áhættu

Frekari upplýsingar um áhættu sjóðsins er að finna í útboðslýsingu hans sem liggur frammi á starfsstöð félagsins og á [www.stefnir.is](http://www.stefnir.is)

## Gjöld fyrir þennan sjóð

Eingreiðslugjöld innheimt fyrir eða eftir fjárfestingu

**Gjald við kaup** 2%

**Gjald við sölu** 0%

Ofangreind gjöld eru hámarksgjöld sem gætu verið dregin af fé þínu.

Gjöld sem eru dregin af sjóðnum á ársgrundvelli

**Viðvarandi gjöld** 1,80%

Gjöld sem eru dregin af sjóðnum við tiltekna aðstæður

**Árangurstengd þóknun** Engin


Gjöldin sem þú greiðir eru notuð til þess að greiða kostnað við rekstur sjóðsins, þ.m.t. kostnað við markaðssetningu og dreifingu hans. Þessi gjöld skerða mögulega ávöxtun fjárfestingar þinnar.

**Gjöld vegna kaupa og sölu** eru hámarksgjöld sem rekstrarfélaginu er heimilt að innheimta skv. reglum sjóðsins.

**Viðvarandi gjöld eru byggð á útgjöldum ársins 2019.** Upplýsingarnar taka mið af mati á líklegum sviðsmyndum í rekstri sjóðsins til framtíðar. Þær kunna að sæta fyrirvaralausum endurmati. Fjárhæð þeirra kann að vera breytileg frá ári til árs. Undanskilin eru: Viðskiptakostnaður vegna eignasafns, nema þar sem sjóðurinn greiðir gjald vegna kaupa og sölu hlutdeildarskírteina í öðrum sjóði.

**Frekari upplýsingar um gjöld er að finna í útboðslýsingu sjóðsins, sem nálgast má á skrifstofu rekstrarfélagsins eða á [www.stefnir.is](http://www.stefnir.is).**

## Fyrri árangur



Ávöxtun í fortíð er ekki áreiðanleg vísending um ávöxtun í framtíð.

Við útreikning er tekið tillit til gjalda og þóknana, annarra en kostnaðar vegna gengismunar.

Sjóðurinn er stofnaður árið 2007.

Árangur sjóðsins er reiknaður í grunnmynt sjóðsins, EUR.

## Hagnýtar upplýsingar

Vörslufyrirtæki sjóðsins er Arion banki hf.

Frekari upplýsingar um sjóðinn, eintök af útboðslýsingu hans, ársreikning og árshlutareikning, á íslensku, eru fáanleg án endurgjalds á skrifstofu félagsins og á heimasíðu þess, [www.stefnir.is](http://www.stefnir.is). Þar er jafnframt að finna gengi sjóðsins.

Hagnaður af innlausn hlutdeildarskírteina sjóðsins er skattskyldur á Íslandi, samkvæmt lögum um tekjuskatt nr. 90/2003 og staðgreiðslu samkvæmt lögum nr. 94/1996.

Fjárfestum er bent á að skattalöggjöf heimaríkis þeirra kann að hafa áhrif á skattalega stöðu þeirra.

Stefnir hf. ber aðeins ábyrgð á grundvelli yfirlýsinga sem koma fram í skjali þessu og eru villandi, ónákvæmar eða í ósamræmi við viðkomandi hluta lýsingar verðbréfasjóðsins.

Hlutdeildarskírteini sjóðsins eru aðeins gefin út í einum flokki.